

L Ö G

10

1. febr.

um heimild fyrir ríkisstjórnina til íhlutunar um sölu og útflutning á ýmsum íslenskum afurðum.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Låenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að skipa svo fyrir, að leyfi atvinnumálaráðherra þurfi til þess að mega selja eða flytja til útlanda hverskonar lýsi, sildarmjöl, fiskmjöl, beinamjöl, fiskbein, hrogn, gærur og skinn, ull og harðfisk.

Heimild þessa má nota um aðeins eina eða nokkrar af framangreindum vörutegundum eða allar, eftir því sem ástæða þykir til.

Ráðherra getur sett nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

2. gr.

Brot gegn ákvæðum, er sett verða samkvæmt lögum þessum eða gegn reglum, sem settar kunna að verða samkvæmt lögnum, varða sektum allt að 100000 krónum, og skal fara með mál út af slíkum brotum sem almenn lög-reglumál.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaluborg, 1. febrúar 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.